

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 70
19. júlí

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. júlí 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Menningar- 71
sjóð Vestfirðinga, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms-
og kirkjumálaráðherra 31. júlí 1929. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Menningarsjóð Vestfirðinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Vestfirðinga og er stofnaður í minningu Jóns Sigurðssonar forseta, og skal starfsemi sjóðsins helguð anda hans og dæmi.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla meningu og framfarir á Vestfjörðum, eftir þeim nánari ákvæðum, sem gerð eru í skipulagsskrá þessari. Fyrst um sinn skulu allar tekjur sjóðs þessa renna til eflingar héraðsskóla Vestfjarða, meðan þess gerist þörf; þó er slíkt framlag af hálfu sjóðsins bundið því skilyrði að fjársöfnun til sjóðsins haldi stöðugt áfram, til eflingar sjóðnum og skal halda séstakan reikning um framlag sjóðsins til skólans.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með eftirfarandi fjárframlögum frá:

Arngrími Fr. Bjarnasyni póstaðgreiðslum. í Bolungarvík	kr. 100.00
Birni Guðmundssyni kennara frá Næfranesi í Dýraf.	— 100.00
Guðmundi Jónssyni listskurðarm. frá Mosdal	— 50.00
Kristjáni Guðmundssyni kaupmanni Ísafirði	— 50.00

Samtals kr. 300.00

71
31. júní

— Þrjú hundruð krónur. —

Ætlast er til að sjóðurinn frá tekjur sínar á þann hátt er hér greinir:

- a. með gjöfum einstakra manna og félaga.
- b. með skemtisamkomum og héraðsmótum, er einkum skulu haldin 17. júní ár hvert.
- d. með hlutaveltum, merkja- og myndasölu og hverskonar annari heiðarlegri fjársöfnun.
- e. ennfremur með áheitum og dánarminningum.

4. gr.

Pegar tekjur sjóðsins eigi renna lengur til héraðsskólans, skal af hinum árlegu tekjum mynda fastan sjóð, þar til höfuðstóll hans nemur 20 þús. kr. eða meir. — Sé þá fyrir hendi mikilvægt menningarmál Vestfjarða, sem stjórn sjóðsins álítur styrksvert og styrkþurfa, má veita því helming sjóðsins sem framlag og auk þess árlegan styrk, eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður, en þó með hliðsjón af árlegri aukningu sjóðsins undanfarið.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Landsbanka Íslands eða Söfnunarsjóði Íslands. Ávaxta má eigur sjóðsins með kaupum á innlendum opinberum verðbréfum.

6. gr.

Héraðssambandi U. M. F. Vestfjarða er falin forsjá sjóðs þessa og efling. Skal það, og félög þess, beita sér fyrir fjársöfnun, auglýsa tekjur sjóðsins, varðveita skjöl hans og skilríki og gera árlega reikningsskil. Héraðssamband U. M. F. V. kýs stjórn og endurskoðendur. Skal stjórn sjóðsins skipuð þrem mönnum, sem kosnir skulu á ársþingi U. M. F. V. — Þyki það betur fallið, má þó stjórnin vera skipuð 5 mönnum, og myndist fleiri héraðssambönd innan U. M. F. V. á Vestfjörðum skulu þau öll eiga rétt til hlutdeildar í kosningu á stjórn sjóðsins, og fer um þá hlutdeild eftir ákvæðum og samkomulagi sambandanna. Stjórn sjóðsins skal vera ólaunað heiðursstarf.

7. gr.

Nái höfuðstóll sjóðsins að verða 50 þús. krónur eða meira, má árlega verja $\frac{3}{4}$ af vöxtum sjóðsins til styrktar stofnunum eða fyrirtekjum á Vestfjörðum, sem starfa í anda skipulagsskrárinnar, en $\frac{1}{4}$ vaxta og allar aðrar árstekjur leggjast við höfuðstólinn. Nái sjóðurinn því að verða 100 þús. kr. eða meira má verja $\frac{3}{4}$ hlutum af höfuð-

stóli hans til eflingar mikilsverðum menningarmálum, sem ella er ekki 71 unnt að hindra í framkvæmd. Sé eigi slík þörf fyrir hendi, skal ávaxta^{31.} júlí sjóðinn áfram þangað til úthlutun fer fram. Þó skal sjóðurinn eftir 2011 fá að vaxa óhindrað af árlegum tekjum og vöxtum í aldarfjórðung, í því skyni að verða fær um miklar framkvæmdir á Vestfjörðum.

8. gr.

Skipulagsskrá þessa má endurskoða að liðnum 20 árum, ef stjórn sjóðsins telur þess þörf. Þó skulu 1. og 2. gr. jafnan standa óbreyttar.

9. gr.

Falli Héraðssamband U. M. F. V. niður, skal stjórn sjóðsins skipuð á þan hátt, að skólastjóri héraðsskóla Vestfjarða. — eða við þann elsta, ef fleiri eru, — verður sjálfkjörinn formaður stjórnarinnar, en menntamálaráð og fræðslumálastjóri, hvort um sig, skipar 2 meðstjórnendur búsetta á Vestfjörðum. Sömu aðilar skipa og fyrir um reikningsskil og endurskoðun sjóðsins.

10. gr.

Leita skal konunglegtrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Að þetta sé rétt afrit af skipulagsskrá Menningarsjóðs Vestfirðinga vottar

F. h. U. M. F. Vestfirðinga

Bj. Guðmundsson
(pt. form.).